

## MAGNA CHARTA UNIVERSITATUM

Undirritaðir rektorar evrópskra háskóla, sem erum samankomnir í Bologna til að fagna níuhundruð ára afmæli elsta háskóla Evrópu, fjórum árum fyrir endanlegt hrún múra milli landa í Evrópu, horfum til víðtæks samstarfs allra evrópska þjóða. Við gerum það í þeirri trú að þjóðir og ríki geri sér nú enn betur en nokkru sinni fyrr grein fyrir því hlutverki sem háskólar koma til með að leika í breyttu og sífellt alþjóðlegra samfélagi. Að þessu tilefni viljum við láta í ljós eftirfarandi skoðanir okkar:

1. Að í lok þessarar aldar muni framtíð mannkynsins að miklu leyti hvíla á menningarlegri, vísindalegri og tæknilegri þróun, og að sú þróun komi til með að eiga sér stað innan vébanda menningar-, þekkingar- og rannsóknamiðstöðva eins og sannir háskólar eru.
2. Að hlutverk háskólanna í dreifingu þekkingar til uppvaxandi kynslóða feli í sér að háskólar verði að þjóna samfélaginu í heild sinni, og að menningarleg, félagsleg og efnahagsleg framtíð samfélaga krefjist sérstakra fjárfestinga í símenntun.
3. Að háskólum beri skylda til að veita kynslóðum framtíðarinnar menntun og þjálfun sem muni kenna þeim, og þar með öðrum sem þær eiga samskipti við, að virða samræmi náttúrulegs umhverfis þeirra og lífsins sjálfs.

Undirritaðir rektorar evrópskra háskóla skora á öll ríki, og höfða til samvisku allra þjóða, að þau virði þau grundvallarskilyrði sem munu, nú og um ókomna framtíð, styðja starf háskóla.

### Grundvallarskilyrði

1. Háskólar eru sjálfstæðar stofnanir í kjarna hvers samfélags. Skipulag þeirra er mismunandi vegna þess að þeir búa við ólíkar landfræðilegar og sögulegar aðstæður. Þeir skapa, fjalla um, meta og flytja áfram menningu með rannsóknum og kennslu. Til að mæta þörfum þess samfélags sem þeir starfa í, verða rannsóknir og kennsla að vera siðferðilega og þekkingarlega óháð öllu pólitísku og efnahagslegu valdi.
2. Tvinna verður saman kennslu og rannsóknir í háskólum eigi fræðsla þeirra að ekki að dragast aftur úr breyttum þörfum þegnanna, kröfum samfélagsins, eða framförum í vísindalegri þekkingu.
3. Frelsi í rannsóknum og þjálfun er grundvallarskilyrði háskólasamfélagsins og bæði stjórnvöld og háskólar verða, eins og þeim er unnt, að tryggja virðingu fyrir þessari grundvallarkröfu.

Þar sem háskólar hafna hleypidómum og eru ávallt opnir fyrir samræðu eru þeir kjörinn samstarfsvettvangur fyrir kennara, sem eru hæfir til að miðla þekkingu

sinni, og vel búnir til að þróa hana með rannsóknum og nýbreytni, og nemendur, sem eiga tilkall til og eru fúsir til að auðga andann með þeirri þekkingu.

4. Háskólar standa vörð um húmaníska hefð Evrópu; sókn eftir algildri þekkingu er stöðugt á stefnuskrá þeirra; til að rækja köllun sína leita þeir útfyrir landfræðileg og pólitísk landamæri og leggur áherslu á grundvallarþörf hvers menningarheims til að þekkja og hafa áhrif á aðra menningarheima.

## **Leiðir**

Til að ná þessum markmiðum, í samræmi við slík grundvallarskilyrði, er nauðsynlegt að fylgja skilvirkum leiðum sem taka mið af núverandi aðstæðum.

1. Til að varðveita frelsi í rannsóknum og kennslu verða allir þegnar háskólasamfélagsins að hafa aðgang að þeim verkfærum sem eru nauðsynleg til að tryggja slíkt frelsi.
2. Ráðning kennara og reglur um stöðu þeirra, verða að taka mið af þeirri frumforsendu að rannsóknir séu óaðskiljanlegir þættir í starfi háskólakennarans.
3. Sérhver háskóli verður - með fullu tilliti til sérstakra aðstæðna - að tryggja frelsi stúdenta sinna, og búa þeim þær aðstæður að þeir geti tileinkað sér þá menningu og þjálfun sem hugur þeirra stendur til.
4. Háskólar - sérstaklega í Evrópu – líta svo á að gagnkvæm skipti á upplýsingum og gögnum, svo og reglulegt samstarf sem miðar að eflingu vísindanna, skipti sköpum fyrir stöðuga framþróun þekkingar.

Í ljósi þessa, rétt eins og á upphafsárum sögu þeirra, hvetja háskólar til þess að kennarar og stúdendar séu hreyfanlegir. Auk þess álíta þeir að almennt skuli stefnt að því að titlar og próf teljist jafngild (að teknu tilliti til prófgráða í hverju landi fyrir sig) og að aðgangur að námsstyrkjum verði jafn, enda skipti það sköpum um að háskólar geti sinnt hlutverki við núverandi aðstæður.

Undirritaðir rektorar, fyrir hönd háskóla sinna, takast á hendur að gera hvaðeina sem í þeirra valdi stendur til þess að hvetja sérhvert ríki, sem og yfirþjóðlegar stofnanir sem málið varðar, til þess að fylgja af kostgæfni stefnu þessa Magna Charta, en hún lýsir einróma vilja háskólanna, eins og hann er settur fram að fúsum og frjálsum vilja.

Bologna 18. september 1988

ENGLISH:

## **MAGNA CHARTA UNIVERSITATUM**

### **Preamble**

The undersigned Rectors of European Universities, gathered in Bologna for the ninth centenary of the oldest University in Europe, four years before the definitive abolition of boundaries between the countries of the European Community; looking forward to far reaching co-operation between all European nations and believing that people and States should become more than ever aware of the part that universities will be called upon to play in a changing and increasingly international society, Consider –

1. that at the approaching end of this millennium the future of mankind depends largely on cultural, scientific and technical development; and that this is built up in centres of culture, knowledge and research as represented by true universities;
2. that the universities' task of spreading knowledge among the younger generations implies that, in today's world, they must also serve society as a whole ; and that the cultural, social and economic future of society requires, in particular, a considerable investment in continuing education;
3. that universities must give future generations education and training that will teach them, and through them others, to respect the great harmonies of their natural environment and of life itself.

The undersigned Rectors of European universities proclaim to all States and to the conscience of all nations the fundamental principles, which must, now and always, support the vocation of universities.

### **Fundamental principles**

1. The university is an autonomous institution at the heart of societies differently organised because of geography and historical heritage; it produces, examines, appraises and hands down culture by research and teaching. To meet the needs of the world around it, its research and teaching must be morally and intellectually independent of all political authority and economic power.
2. Teaching and research in universities must be inseparable if their tuition is not to lag behind changing needs, the demands of society, and advances in scientific knowledge.
3. Freedom in research and training is the fundamental principle of university life, and governments and universities, each as far as in them lies, must ensure respect for this fundamental requirement.

Rejecting intolerance and always open to dialogue, a university is an ideal meeting-ground for teachers capable of imparting their knowledge and well equipped to develop it by research and innovation and students entitled, able and willing to enrich their minds with that knowledge.

4. A university is the trustee of the European humanist tradition; its constant care is to attain universal knowledge; to fulfil its vocation it transcends geographical and political frontiers, and affirms the vital need for different cultures to know and influence each other.

### **The means**

To attain these goals by following such principles calls for effective means, suitable to present conditions.

1. To preserve freedom in research and teaching, the instruments appropriate to realise that freedom must be made available to all members of the university community.
2. Recruitment of teachers, and regulation of their status, must obey the principle that research is inseparable from teaching.
3. Each university must – with due allowance for particular circumstances – ensure that its students' freedoms are safeguarded, and that they enjoy concessions in which they can acquire the culture and training which it is their purpose to possess.
4. Universities – particularly in Europe – regard the mutual exchange of information and documentation, and frequent joint projects for the advancement of learning, as essential to the steady progress of knowledge.

Therefore, as in the earliest years of their history, they encourage mobility among teachers and students: furthermore, they consider a general policy of equivalent status, titles, examinations (without prejudice to national diplomas) and award of scholarships essential to the fulfilment of their mission in the conditions prevailing today.

The undersigned Rectors, on behalf of their Universities, undertake to do everything in their power to encourage each State, as well as the supranational organisations concerned, to mould this policy sedulously on this Magna Charta, which expresses the universities' unanimous desire freely determined and declared.

Bologna, 18 September 1988